




FRÆÐAÞING 2023 – INNAN GARÐS OG UTAN



Fræðaping
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir



Fræðabing 2023 – INNAN GARÐS OG UTAN

Janúar 2024

Ritstjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja
Hjartardóttir

Útgefandi: ReykjavíkurAkademían

Útgáfunúmer: RA-2024-3

Þórunnartún 2

105 Reykjavík

Sími 562 8565

Netfang: ra@akademia.is

Veffang: www.akademia.is



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Dagskrá og þátttakendur	3
Skipuleggjendur Fræðapings 2023.....	5
Setning Fræðapings 2023	6
Lykilfyrirlestur	8
Pallborð I – Hlutverk hug- og félagsvísinda	23
Pallborð II - Fræðasamfélagið utan háskólana.....	26
Pallborð III - Fjármögnun áhugadrifinna fræðirannsókna	28
Pallborð IV - Unga fólknið – framtíð fræðanna.....	30
Horft fram á veginn, lokaorð.....	32
Skýrsla verkefnisstjóra.....	37

Inngangur

Þessi skýrsla gefur yfirsýn yfir efni fyrsta Fræðaping ReykjavíkurAkademíunnar sem var haldið föstudaginn 22. september 2023 í Fróða, fundarsal Íslenskrar Erfðagreiningar. **Fræðaping** er árlegur vettvangur um samstarf fræðafólks sem starfar utan og innan háskólana að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda. Markmiðið er að skapa sameiginlega sýn fræðafólks sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun, ræða tækifæri og ógnanir og leggja grunn að samvinnu um rannsóknir og þekkingarmiðlun þvert á starfsvettvang og ólíkar fræðigreinar.

Að þessu sinni bar Fræðapingið yfirskriftinni Innan garðs og utan og sjónum beint að hlutverki hug- og félagsvísinda, þeim hluta fræðasamfélagsins sem starfar utan háskólanna, að opinberri fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og möguleikum ungs fræðafólks að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun.

Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar opnaði þingið. Lykilfyrirlesari var Davíð Ólafsson og tuttugu og einn sérfræðingur tóku þátt í fjórum pallborðunum undir yfirskriftunum: Hlutverk hug- og félagsvísinda, Fræðasamfélagið utan háskólanna, Fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og Unga fólkið – framtíð fræðanna. Pallborðunum var stýrt af þeim Viðari Hreinssyni, Steinunni J. Kristjánsdóttur, Ingunni Ásdísardóttur og Ásta Kristínu Benediktsdóttur og á undan hverju pallborði var spilað stutt myndband þar sem umræðan var römmuð inn. Hægt er að horfa á upptökur frá Fræðapinginu á vef ReykjavíkurAkademíunnar.¹

Öllum þátttakendum, samstarfsaðilum og starfsfólki ReykjavíkurAkademían er þökkuð þátttakan og mikilsvert framlag til umræðna um fræðafólk sem starfar innan og utan háskólanna. Þá er Íslenskri erfðagreiningu færðar þakkir fyrir lán á fundarsalnum sem skapaði glæsilega umgjörð um þingið.

¹ Upptaka frá Fræðapingi 2023 – Innan garðs og utan er á Youtube-síðu ReykjavíkurAkademíunnar. www.youtube.com/@reykjavikurakademian7468
Beins slóð á upptökuna er www.youtube.com/watch?v=zx95Y-l07pM&t=756s

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir

Dagskrá og þátttakendur

INNAN GARÐS OG UTAN

13:00 Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar setur þingið

13:10 Lykilfyrirlestur: Klofvega á garðinum. Fræðasamfélagið utan/í háskóla dr. Davíð Ólafsson dósent við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

HLUTVERK HUG- OG FÉLAGSVÍSINDA, pallborð I

dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, dr. Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, dr. Gylfi Magnússon, deildarforseti Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, dr. Þórhallur Magnússon, rannsóknaprófessor við Listaháskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar. Umræðustjóri: Viðar Hreinsson sérfræðingur hjá Náttúruuminjasafni Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni.

FRÆÐASAMFÉLAGIÐ UTAN HÁSKÓLANNA, pallborð II

dr. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, dr. Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, dr. Daníel Svavarsson, skrifstofustjóri Skrifstofu samhæfingar og stefnumála hjá Forsætisráðuneyti, Anton Örn Karlsson deildarstjóri á Hagstofu Íslands, dr. Sumarliði R. Ísleifsson, varaformaður Sögufélags, dósent við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni. Umræðustjóri: dr. Steinunn J. Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

FJÁRMÖGNUN ÁHUGADRFINNA FRÆÐIRANNSÓKNA, pallborð III

dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, sérfræðingur í háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, dr. Freysteinn Sigmundsson, formaður Vísinda- og nýsköpunarráðs, Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður Rannís dr. Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur í fjármálum, Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Umræðustjóri: dr. Ingunn Ásdísardóttir fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna

UNGA FÓLKID - FRAMTÍÐ FRÆÐANNA, pallborð IV

dr. Ragnhildur Helgadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, dr. Árni Gunnar Ásgeirsson deildarforseti Sálfræðideildar Háskólans á Akureyri, dr.Ólafur Rastrick deildarforseti Félagsfræði- mannfræði-, og þjóðfræðideildar Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni, Atli Antonsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands og fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna, Piergiorgio Consagra, fulltrúi FEDON, Félags Doktorsnema og Nýdoktora við Háskóla Íslands. Þórdís Dröfn Andrésdóttir, forseti SÍNE, Samtaka íslenskra námsmanna erlendis. Umræðustjóri: dr. Ásta Kristín Benediktsdóttir lektor við Háskóla Íslands og félagi í ReykjavíkurAkademíunni

HORFT FRAM Á VEGINN

dr. Sólveig Ásta Sigurðardóttir, fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna og nýdoktor við Háskóla Íslands

Fundarstjóri: Ásthildur Elva Berharðsdóttir dósent við Háskólann á Bifröst, félag í ReykjavíkurAkademíunni.



Skipuleggjendur Fræðapings 2023

Framkvæmdanefnd Lilja Hjartardóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Ingunn Ásdísardóttir og Anna Þorbjörg Þórgrímsdóttir.°

Verkefnisstjóri Ólöf Anna Jóhannsdóttir þjóðfræðingur, fræðakona við ReykjavíkurAkademíuna.

Myndbönd Höfundur texta: Anna Þorbjörg Þórgrímsdóttir. Upplstur: Þorleifur Hauksson. Upptaka og klipping: Árni Gylfason. Umsjón: Ólöf Anna Jóhannsdóttir.

Grafískur hönnuður Dagný Reykjalín, Blek hönnunarstofa

Ljósmyndari Linda Guðlaugsdóttir

Ráðgjafar Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ása Ester Sigurðardóttir, Henry Alexander Henrysson, Sigurgeir Guðjónsson og Sigurlaug Dagsdóttir.

Undirbúningsnefnd Anna Þorbjörg Þórgrímsdóttir, Bára Baldursdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Katrín Theódórsdóttir, Ingunn Ásdísardóttir, Kristín Jónsdóttir og Lilja Hjartardóttir.

Samstarfsaðilar Fræðapings 2023



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Setning Fræðapings 2023



Fræðaping
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Setning Fræðapings

Lilja Hjartardóttir
formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar:

Kæru gestir, velkomin til Fræðapings, samstarfsvettvangs fræðafólks sem starfar **innan og utan háskólanna** að **rannsóknnum og þekkingarmiðlun** á sviði hug- og félagsvísinda og myndar saman eitt **fræðasamfélag**.

Við sem stöndum að þinginu vonumst til að það verði haldið árlega sem vettvangur opinnar umræðu um sameiginleg tækifæri og áskoranir hug- og félagsvísinda. Við trúum því að stærra fræðasamfélag en það sem einskorðast við fræðigreinar, eða eina eða fleiri stofnanir, nái að skoða fleiri og fjölbreyttari kima samfélagsins og að rödd fræðanna heyrist víðar. Við teljum að ýmis sóknarfæri liggi í auknu samstarfi **fræðafólks** þvert á fræðigreinar og starfsvettvang sem gætu leitt til aukins sýnileika hug- og félagsvísinda og fjölbreyttari og öflugri rannsókna, betri nýtingar ýmissa rannsóknainviða og margbreytilegri þekkingarmiðlunar.

Að þessu sinni ber Fræðapingið yfirskriftina *Innan garðs og utan*. Þar er vísað til stöðu hug- og félagsvísinda í vísindasamfélaginu en einnig til þess aðstöðumunar sem er á milli fræðafólks eftir

búsetu, aldri og stöðu þess á vinnumarkaði. Háskóli Íslands er höfuðvígi fræðasamfélagsins en aðrir háskólar og stofnanir gegna veigamiklu hlutverki fyrir valdar greinar. Hluti rannsókna og þekkingarmiðlunar er síðan borinn uppi af fræðafólki sem starfar sjálfstætt. ReykjavíkurAkademían er í forsvari fyrir þennan hóp fræðimanna og hefur lengi talað máli þeirra. Í síbreytilegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar vinnur stofnunin að því að taka sér enn skýrari stöðu sem málsvari og bakhjarl fræðafólks, jafnt í rannsóknum sem á atvinnumarkaði.

Flokkun fræðigreina í hug- eða félagsvísindi er hvorki algild né eru mörkin skýr. Til einföldunar má þó segja að öll hug- og félagsvísindi eigi það sameiginlegt að rannsaka mannlega hegðun, áhrif samfélagsins á einstaklinginn og áhrif hugmynda mannsins og hegðunar á samfélagið. Allar fræðigreinar hug- og félagsvísinda þjálfa getuna til þess að greina, túlka og lýsa viðfangsefninu og þar með að bregðast við breytingum. Þessir eiginleikar eru afar mikilvægir og undirstaða gagnrýnnar hugsunar, nýrra hugmynda og lausna á samfélagslegum vandamálum.

Staða hug- og félagsvísinda gagnvart öðrum vísindagreinum er þó að sumu leyti veik og stundum virðist skorta á skilning á samfélagslegu mikilvægi þeirra. Á þessu fyrsta Fræðapingi munum við því fyrst og fremst beina sjónum að okkur sjálfum; fræðafólkinu sem dags daglega starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun, og hlutverki okkar við að lyfta fram og tala máli hug- og félagsvísinda. Yfir og allt um kring er spurningin hvort og þá hvernig við getum unnið betur saman? Hvert er hlutverk hug- og félagsvísinda? Hver er ásýnd þeirra í samfélaginu og hver er árangur og ávinningur af starfi okkar?

Lykilfyrirlestur



INNAN GARÐS OG UTAN

Lykilfyrirlestur:

dr. Davíð Ólafsson
dósent við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

Klofvega á garðinum. Fræðasamfélagið utan/í háskóla

Davíð Ólafsson dósent við Háskóla Íslands, félagi í RA:

Fljótlega eftir að ég hóf að undirbúa mitt innlegg til þessarar metnaðarfullu og mikilvægu dagskrár rakst ég á grein í gegnum tímarit.is sem ég var búinn að steingleyma að hefði verið samin og birt. Höfundar voru tveir, Sesselja G. Magnúsdóttir sagn- og dansfræðingur sem þá var formaður RA – félags sjálfstætt starfandi fræðimanna, og ykkar einlægur frum-demon sem hér stendur, þá formaður stjórnar RA ses.

Greinin birtist í Fréttablaðinu sáluga 31. janúar 2013 og bar yfirskriftina „Opinber stuðningur við vísindi og fræði“.

Tímasetning þessarar greinar er að mörgu leyti merkileg fyrir þá sögu sem ég er að reyna að ná utanum í þessu stutta erindi. Það fer nærri að hún liggi á miðju þeirrar tímalínu sem saga RA

spannar, frá árinu 1997. Jafnframt var þá farið að líða að þeim umskiptum að við – og ég segi ennþá við – þurftum að kveðja okkar elskulega JL hús – gangana sem við bónuðum, skrifstofurnar sem við byggðum og miðrymið (rúm)góða, sem var í senn líflægasti fyrirlestrasalur vesturbæjar Reykjavíkur



og vettvangur matartíma, kaffidrykkju og sælustunda. Og auk þess veislusalur með útsýni útá Snæfellsjökul. En við tókum með okkur andann og hugsjónina og vonandi eitthvað af því nauðsynlega stórlæti sem þarf til að framfylgja hugmyndum sem þessum. – Og við tókum með okkur bankaráðsborðið góða sem fljótlega varð ballest í nýrri akademíu í Þórunnartúni 2.



Og að lokum er birting greinarinnar nærri mínum persónulegu tímamótum hvað varðar samneyti við Akademíuna. Eftir að hafa haft aðsetur í næst-innstu skrifstofunni norðanmegin, frá upphafi með þriggja ára námshléi, sókti ég um og fæ aðjunktstöðu í menningarfræði við HÍ haustið 2014.

Af því að það er alltaf best að vitna í sjálfan sig þá langar mig að velja nokkra umræðupunkta úr grein okkar Sesselju og hugleiða samhengi þeirra við það sem var þá framtíð og fortíð RA.

Hið formlega tilefni greinaskrifana voru þau tímamót að Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna hafði verið settur á fót hinn 10. janúar 2013 af Katrínu Jakobsdóttur, sem þá var mennta- og menningarmálaráðherra. Sjóðurinn leysti af hólmi Launasjóð fræðirithöfunda sem stofnaður var af Birni Bjarnasyni árið 1999.

Hvað ReykjavíkurAkademíuna varðar má segja að tvennt hafi verið sýnileg merki um mikilvægi hennar sem hagsmunafélags og fræðilegrar stofnunar. Annars vegar var í reglum sjóðsins kveðið á um að Akademían skyldi tilnefna einn af þremur mönnum í stjórn sjóðsins, ásamt fulltrúa Hagbenkis og formanni sem skipaður er af ráðherra. Þannig fékk RA beina aðkomu að þróun og mótun sjóðsins við þessar breytingar og áfram.

Hitt atriðið fólst í nafni sjóðsins.



Þar er starfsheitið **sjálfstætt starfandi fræðimenn** stofnanabundið en hafði verið miðlægt í sjálfsm mynd akademíunnar og akademóna frá upphafi. Mér sýnist af tímarit.is að orðasambandið hafi einmitt fyrst birst á prenti í blöðum árið 1998 og þá oftast en ekki í sambandi við tilurð og viðgang RA.

Greinarhöfundar fögnuðu hvoru tveggja en bentu jafnframt á ákveðna hættu sem gæti fylgt þessari skipan mála:

Jafnframt því að þessum breytingum er fagnað vilja stjórnir Ra ítreka þá kröfu að efling og nafnbreyting á Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna verði í engu til að draga úr aðgengi vísinda- og fræðifólks sem starfar utan háskóla og rannsóknarstofnana á þeirra vegum til að sækja um styrki í samkeppnis sjóði Rannsóknasjóðs.

Opinber stuðningur við vísindi og fræði (2013)

- „Jafnframt því að þessum breytingum er fagnað vilja stjórnir RA ítreka þá kröfu að efling og nafnabreyting á Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna verði í engu til að draga úr aðgengi vísinda- og fræðifólks sem starfar utan háskóla og rannsóknarstofnana á þeirra vegum til að sækja um styrki í samkeppnissjóði Rannsóknasjóðs.“

Og þetta er fyrsta atriðið sem mig langar að taka upp og rýna aðeins nánar með ykkur.

RA & rannsóknasjóður

Frá stofnun Akademíunnar árið 1997 – og reyndar lengur – hafði Rannsóknasjóður (og áður Vísindasjóður) verið mikilvæg forsenda fyrir því að fræðifólk gæti starfað að rannsóknum utan háskóla. Þessi saga er rakinn ágætlega í viðhorfsgrein Sigurðar Gylfa Magnússonar sem birtist í hausthefti tímaritsins Sögu árið 2010 og bar hið völduga heiti: „Dómur sögunnar er ævinlega rangur! Háskólalíf og vísindapólitik á vorum dögum“.

Það er margt undir í ádeilugrein Sigurðar en hvað varðar stöðu samkeppnissjóða hins opinbera er röksemdafærslan þessi í stuttu máli og þremur liðum:

- a) Rannís var sett á fót á 10 áratug liðinnar aldar í þeim tilgangi að „taka á móti sívaxandi hópi Íslendinga sem vildu snúa heim eftir langt háskólanám eða -störf erlendis en höfðu ekki stöður til að hverfa að.“
- b) Þegar nær dró aldamótum tók að gæta þeirrar tilhneigingar að stjórnámamenn færu að beita sér fyrir tilteknum áherslum í vísindastefnu sjóðsins, Afleiðingarnar komu niður á almennu rannsóknarstarfi í landinu þar sem framlög til frjálsa samkeppnishluta sjóðsins (Vísindasjóðs) stóðu í stað ...

- c) Er líða tók á fyrsta áratug 21. aldar fór að bera á því að Háskóli Íslands beindi föstum kennurum skólans að Rannís í þeim tilgangi að fjármagna stærri hluta rannsóknarstarfs síns með því að sækja um styrki fyrir doktorsnemendur sína.

Niðurstaðan var þessi, skrifaði Sigurður Gylfi:

„Skyndilega hurfu af úthlutunarlistum Rannís sjálfstætt starfandi fræðimenn en í þeirra stað fylltu þá framsæknir prófessorar sem hlutu styrki í sínu nafni sem ætlaðir voru doktorsnemum, því sjálfir gátu þeir ekki nýtt þá fyrir sjálfa sig nema þeir tækju sér launalaust leyfi.“

Dómur sögunnar ... (2010)

- „Skyndilega hurfu af úthlutunarlistum Rannís sjálfstætt starfandi fræðimenn en í þeirra stað fylltu þá framsæknir prófessorar sem hlutu styrki í sínu nafni sem ætlaðir voru doktorsnemum, því sjálfir gátu þeir ekki nýtt þá fyrir sjálfa sig nema þeir tækju sér launalaust leyfi.“

Í minningunni snúast umsóknir og niðurstöður úthlutana í samkeppnissjóði gjarnan um mikla vinnu og sár vonbrigði. Það má segja að segja að veruleikinn var ekki orðinn eins svartur og Sigurður Gylfi vildi vera af láta haustið 2010, en á sama hátt má segja að hann hafi verið sannspár um hvernig málin myndu þróast.

En sé litið til gagna um úthlutanir Rannsóknasjóðs 1998-2010 með hliðsjón af aflahlut sjálfstætt starfandi fræðafólks get ég ekki sagt annað en árangurinn megi teljast ásættanlegur fram á annan áratug aldarinnar.

Rannsóknasjóður og RA 1998-2005

- 1998: Sjálfævisógur og aðrar persónulegar heimildir. Sigurður Gylfi Magnússon.
- 1998: Sálrænir þættir í umferðarslysum ungra ökumanna (2 ár). Valdimar Briem.
- 1999: Viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku (1 ár). Jón Yngvi Jóhannsson.
- 2000: Áhrif danska miðstjórnarvaldsins á íslenska þjóðfélagsþróun 1550-1650 (2 ár) Ámi Daníel J.
- 2001: Mótun þjórnernis og kynferðis á Íslandi 1980-1939 (1. ár). Sigríður Matthíasdóttir.
- 2001: Dansk-íslenskar bókmenntir og hugmyndafræði þjóðernisins. Jón Yngvi Jóhannsson.
- 2003: Skáldævisagan: Tilurð og þróun nýrrar bókmenntagreinar. Soffía Auður Birgisdóttir.
- 2003: Veitingahús, áfengismenning og áfengisstefna. Hildigunnur Ólafsdóttir.
- 2003: Félagssögurannsóknir á nýrri öld - Aðferðir og hugmyndir (2 ár) Sigurður Gylfi Magnússon.
- 2004: Handritageymd, biblíuþýðingar og mótun íslenskrar alþýðutrúar. Clarence E. Glad.
- 2005: Sighvatur Grímsson Borgfirðingur og handritamenning 19. aldar. Davíð Ólafsson.
- 2005: Klausturgarðurinn á Skriðu. Steinunn Kristjánsdóttir.
- 2005: Hugverkaréttur og alþýðuhefð. Rannsóknastöðustyrkur. Valdimar Tr. Hafstein.

Á þessu tímabili eru veittir styrkir til amk 12 rannsóknarverkefna innan RA.

Þessu til viðbótar eru alls 14 úthlutanir sem ganga til fræðafólks sem er skráð í gögnum RANNÍS sem einstaklingar á árabílinu 2004-2010.

Rannsóknasjóður og einstaklingar, 2004-2010

- **Úlfhildur Dagsdóttir.** Líftækni í ljósi bókmennta. Þverfagleg fræði sæborgarinnar.
- **Sigurjón Ární Eyjólfsson.** Kristin siðfræði í sögu og samtíð.
- Örn Bragason. Líkön um val milli seinkaðra styrkja.
- Atli Magnús Seelow. „Neus Bauen“ - ný byggingarlist á Íslandi á millistríðsárununum.
- **Jón Karl Helgason.** Sjálfsmeðvitund íslenskra bókmennta.
- **Oddný Eir Ævarsdóttir.** Að gefa einkasafn sitt með skilyrðum inn á opinberan vettvang.
- **Sigurður Gylfi Magnússon.** Einsögurannsóknir - merking og möguleikar.
- Stefanía Ægisdóttir. Viðhorf Íslendinga til sálfræðilegrar meðferðar og notkunar hennar.
- Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. Málþroski barna sem alast upp í tvítýngi táknaðs og íslensku.
- Hrefna Margrét Karlsdóttir. Stjórnun veiða og verndun nytjastofna við Íslandsstrendur.
- **Sumarliði Ísleifsson/Daniele Chartier.** Ísland og ímyndir norðursins. Öndvegisstyrkur.
- **Clarence E. Glad.** Líkami og losti á upphafsöldum kristni.
- **Davíð Ólafsson.** Handritamenning í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Rannsóknastöðust.
- Gerður G. Óskarsdóttir. Starfshættir í grunnskólum.

Af þessum verkefnum er rúmur helmingur (átta) til rannsakenda sem tengjast akademíunni beint, ýmist sem leigjendur til lengri eða skemmri tíma, eða sem félagar. Þarna á meðal var öndvegisverkefnið Ísland og ímyndir norðursins undir stjórn Sumarliða Ísleifssonar og Daniele Chartier, en innan þess störfuðu fjölmargir demónar.

Ég held að útfrá þessum tölum sé óhætt að segja fullum fetum að fræðafólk utan háskólanna hafi haft sterka viðveru á sviði hug- og félagsvísinda á Íslandi fyrsta áratug hinnar nýju aldar og þar hafi ReykjavíkurAkademían verið kjölfesta. Það er ágætt að hafa í huga að almennt er úthlutunarhlutfall hjá rannsóknasjóði um 25% og samkeppnin því hörð.

Ég ætla því að halda því fram að þekkingarsamfélagið á Íslandi hafi hagnast gríðarlega á þátttöku og framlagi þess hluta vísindafólks sem stóð og starfaði utan háskólanna. Og ég ætla einnig að halda því til haga að háskólarnir hafi fyrir vikið fengið í sínar raðir reyndara og þjálfðra akademískt starfsfólk en ella, vísindafólk með reynslu af mótun, framkvæmd og rekstri sjálfstæðra vísindarannsókna. Já, ég segi rekstri, því það er eitt af þeim færnisviðum sem sjálfstætt starfandi fræðifólk þarf að tileinka sér, að skipuleggja, fjármagna og rekarannsóknaverkefni.

Þannig virkar fyrirbæri einsog ReykjavíkurAkademían bæði sem alternatífur vettvangur fræðilegrar samræðu og – og þetta þreytist ég ekki á að tala um – sem gróðurhús þar sem ungt fræðafólk fær tækifæri til að spreyta sig á því að vinna sem vísindafólk að námi loknu eða milli námsstiga. Hér horfi ég sérstaklega til hug-, félags- og menntavísindasviða Háskóla Íslands en einnig mætti tína til dæmi frá Háskólanum í Reykjavík, á Akureyri og Bifröst.

En það voru blikur á lofti á mótum fyrsta og annars áratugarins. Þær voru settar í orð í fyrrnefndri viðhorfsgrein Sigurðar í Sögu árið 2010 og ítrekaðar í Fréttablaðsgrein okkar Sesselju tæpum þremur árum síðar. Þótt tilefið væri gleðilegt – stofnsetning nýs og öflugri starfslaunasjóðs – og reyndin yrði sú að starfsstyrkjum fjölgaði umtalsvert, þá má m.a. lesa þessi varnaðarorð:

„Mikilvægt er að halda því til haga að starfslaunasjóðir og rannsóknasjóðir eins og þeir birtast í lögum og reglum eru í öllum grundvallaratriðum ólíkir sjóðir, ekki síst hvað varðar lengd fjármögnunar og upphæð starfslauna. Því leggja stjórnirnar áherslu á að ekki megi blanda hlutverkum þeirra saman.“

Opinber stuðningur við vísindi og fræði (2013)

- „Mikilvægt er að halda því til haga að starfslaunasjóðir og rannsóknasjóðir eins og þeir birtast í lögum og reglum eru í öllum grundvallaratriðum ólíkir sjóðir, ekki síst hvað varðar lengd fjármögnunar og upphæð starfslauna. Því leggja stjórnirnar áherslu á að ekki megi blanda hlutverkum þeirra saman.“

Þetta þýddi – og þýðir – að ekki væri hægt eða rétt að líta á rekstur SSSF sem uppbót fyrir það að Rannsóknasjóður loki fyrir fræðifólki utan háskólanna. Starfslaunasjóðurinn er vissulega mikilvægur fyrir það fólk sem hefur hug á að starfa að ritun fræðiefnis utan háskólanna en rannsóknasjóður er það líka. Það má lesa það úr stefnumótun og framkvæmd á fjármögnum fræðastafs á fyrstu tveimur áratugum 21. aldarinnar að leitast hafi verið við að skilja á milli rannsóknastarfs innan (eða í tengslum við háskóla) annars vegar og hinns vegar rannsóknastarfs utan þeirra. Þetta voru þær áhyggjur sem Sigurður Gylfi rakti í Sögugreininni haustið 2010 sem var að sönnu forspá, þó rök hafi verið færð fyrir því hér að sá veruleiki hafi ekki verið að fullu kominn fram þegar hún var skrifuð.

Í hinni tíu ára gömlu grein okkar Sesselíu segir m.a.: „Mikilvægt er að halda því til haga að starfslaunasjóðir og rannsóknasjóðir eins og þeir birtast í lögum og reglum eru í öllum

grundvallaratriðum ólíkir sjóðir, ekki síst hvað varðar lengd fjármögnunar og upphæð starfslauna. Því leggja stjórnirnar áherslu á að ekki megi blanda hlutverkum þeirra saman.“

Á öðrum áratug aldarinnar verður mikill samdráttur á úthlutunum úr Rannsóknasjóði til vísindafóks utan háskólanna. Á árunum 2011-2014 var árlega úthlutað styrk til eins rannsóknaverkefnis sem hýst var innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Eftir 2010 hverfa einstaklinga (nær alveg) úr hópi umsækenda/styrkþega. Árið 2011 sækja 7 einstaklingar um sem verkefnisstjórar (allir í fl 14). Eingin fær úthlutað. Árið eftir, 2012, Sækja 3 einstaklingar um og 2 fá. Frá og með 2013 sjást einstaklingar ekki í gögnum Rannís um umsóknir eða úthlutanir úr Rannsóknasjóði. Allt er þetta með fyrirvara um nákvæmni í þessum skráningum.

Þrátt fyrir þetta held ég að það sé og verði mikilvægt fyrir akademíuna og vísindafólk utan háskóla að sækja áfram á þessi mið. **Úthlutunarstefna Rannsóknasjóðs** frá 2021 kveður á um að „verkefni sem uppfylla gæðaviðmið og **unnin eru í virku samstarfi** fyrirtækja, háskóla, fræðasviða og stofnana, **njóti að öðru jöfnu, forgangs** að styrkjum úr samkeppnissjóðum.

En jafnframt segir að „ef verkefnin eru af sambærilegum gæðum skal hugað sérstaklega að auk þess að stuðla að nýliðun og kynjahlutfalli í hópi vísindamanna skuli „miðað við að **heildarúthlutun styrkja skiptist þannig að verkefni sem leidd eru, eða unnin að stórum hluta af einstaklingum hvers kyns, fari ekki undir 40%**. Náist það ekki, þarf að rökstyðja það sérstaklega við úthlutun.“

Jafnframt sé **sjóðnum er heimilt að taki tillit til aðstæðna umsækjenda, hvort sem þeir starfa sjálfstætt eða innan háskóla, stofnana eða fyrirtækja**. Hér er meðal annars vísað til þess að **aðgangur umsækjenda að nemendum í rannsóknartengdu námi getur verið mismunandi**.

Hér má því sjá að brugðist hefur verið við athugasemdum og gagnrýni sem borist hefur frá sjálfstætt starfandi vísindafólki í gegnum árin, amk í orði kveðnu.

Starfs/launasjóðirnir

Að því sögðu þá var stofnun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna kærkomin viðbót við vinnumarkað þess hóps. Tilvist sérstaks launasjóðs fyrir höfunda fræðiefnis má rekja til á ársloka 1998 er Björn Bjarnason þáverandi menntamálaráðherra tikynnti að ríkisstjórn Íslands hefði samþykkt að stofna sjóð fyrir “höfunda almennra fræðiriti”. Þetta hafði um tíð verið baráttumál Hagþenkis og ekki er óvarlegt að tilkoma RA hafi aukið þeim málstað þunga, enda fylgdust félögin þétt að á þessum og gera enn.

Sjóðurinn hafði mjög lítið fé til umráða, lengst af sem nam 3-4 mannrúm. Haustið 2003 skrifar formaður Hagþenkis, Sverrir Jakobsson að um þessa litlu upphæð keppist árlega á milli 40 og 50 umsóknir. Diplómatískur, skrifar Sverrir að þar hafi verið um að ræða velheppnaða stjórnvaldsaðgerð sem þegar hafi þá þegar skilað miklum afrakstri. Hins vegar sé ljóst að þennan sjóð þurfi að efla og „halda þar með áfram að sá í jarðveg upplýsingar á Íslandi.“

Reyndin varð hins vegar sú að á líftíma sínum hafði sjóðurinn einungis úr svipuðum upphæðum að moða og í upphafi. Þegar síðast var úthlutað úr Launasjóði fræðiritahöfunda sumarið 2012 hlutu sex höfundar starfslaun til sex mánaða hver, en alls bárust 44 umsóknir.

Vöxturinn varð því umtalsverður þegar SSSF var settur á fót árið 2013.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Fyrir hverja?

- Sjálfstætt starfandi fræðimenn

Til hvers?

- Hægt er að sækja um styrki til að vinna að ritun fræðiriti og –greina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

Í fyrstu úthlutun voru veittir 26, styrkir, alls rúmar 34 milljónir.

Starfslaunasjóður SSF 2013-2023

• Ár	Úthlutunarupphæð	Styrkir	Úthlutarhlutfall
• 2013		26 styrkir	
• 2014		24 styrkir	
• 2015	34,4 m	22 styrkir.	25% umsækjenda.
• 2016	38 m	21 styrkir.	36% umsækjenda
• 2017	44 m	19 styrkir.	35% umsækjenda
• 2018	46 m	21 styrkir.	36% umsækjenda
• 2019	44 m	23 styrkir.	30% umsækjenda
• 2020	48 m.	15 styrkir.	18% umsækjenda
• 2021	53 m.	19 styrkir.	28% umsækjenda
• 2022	45 m.	14 styrkir,	23% umsækjenda
• 2023	49 m	17 styrkir,	26% umsækjenda

Um þetta má segja heilt yfir; Sjóðurinn fór vel af stað og óx fyrstu árin (á föstu verðlagi). En líkt og með forverann hefur minna farið fyrir áframhaldandi vexti sjóðsins þann áratug sem hann hefur verið starfandi.

Fyrir rétt tæpu ári síðan, í október 2022 sendi stjórn RA frá sér athugasemdir við fjárlagafrumvarp það sem lá þá fyrir Alþingi. Þær athugasemdir snéru að Starfslaunasjóðnum

Í fjárlagagerð fyrir árið 2023 er lítilega gengið á sjóðinn miðað við fyrra ár og fer hann úr 51,8 m.kr í 51,3 m.kr. Samdrátturinn virðist því 1% fyrir utan breytingu á vísitölunni sem hefur hækkað verulega undanfarið ár.

Lækkunin er þó umtalsvert meiri en þessar tölur gefa til kynna. Á árinu 2022 var mánaðarleg greiðsla úr sjóðnum hækkuð til samræmis við hækkun á starfslaunum listamanna, eða um tæplega 20%. Upphæðin fór úr 410.000 kr (verktakagreiðsla) í 490.920 kr. Til þess að koma til móts við þessa hækkun þá hefur starfslaunasjóður listamanna verið stækkaður. Á þessu ári er hann 812,0 m.kr. en fer í 846,2 m.kr. á árinu 2023.

Hins vegar hefur starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna ekki tekið sömu hækkunum. Þessar breytingar leiddu til mikillar skerðingar á úthlutunum til sjálfstætt starfandi fræðafólks talið í mannmánuðum (sjá töflu). Á árinu 2022 fór fjöldi mannmánaða niður í 93 sem er mikil fækkun frá árunum á undan en þeir voru á bilinu 111 til 129 á árunum 2018 - 2021.

ÁR	2018	2019	2020	2021	2022
Styrkuppæð á mánuði (verktakagreiðsla)	377.000	393.000	405.000	410.000	490.920
Fjöldi úthlutaðra mánuði	120	111	117	129	93

Í upphafi þeirra er bent á að fjármagn sjóðsins hafi dregist saman um 1% að krónutölu milli ára og að raunvirði um töluvert meira. Auk þess hafi mánaðarlegar greiðslur loks hækkað til samræmis við það sem tíðkaðist í launasjóðum listgreina. Heildaruppæð sú sem sjóðurinn hafði úr að móða hækkaði hins vegar ekki í samræmi við þetta og því fækkaði úthlutaðum mannmánuðum umtalsvert á milli ára eins og sjá má í töflu sem fylgdi blaðinu. Á liðnu sumri úthlutaði sjóðurinn 17 styrkjum, alls 49 milljónum.

Eitt af því sem kveðið var á um við stofnun SSSF var að þá skyldi sjóðurinn taka mið af starfslaunasjóðum þeim sem heyra undir stjórn listamannalauna. Það var því svolítið sláandi að uppgötva að við undirbúning fyrstu úthlutun skyldi vera miðað við lægri mánaðarlegar greiðslur en í listamannalaunum.

Ofan á þetta er greinilegt af samanburði á tölfræði útthlutanna að enn vantar uppá það, tæpum áratug eftir stofnun sjóðsins, að jafnræði sé á milli þeirra tveggja sjóða í þessu kerfi sem fjármagna ritstörf, m.a. þegar borið er saman úthlutunarhlutfall, þe hversu hátt hlutfall umsækjenda hlutu styrk.

Og sú staðreynd að sjálfstætt starfandi fræðimenn skildu vera hafðir útundan þegar fé var lagt til aukaúthlutunar úr öðrum haustið 2020 er rakið hneyksli eða alvarleg yfirsjón í besta falli. Sé litið til launasjóðs rithöfunda þá var úthlutað 232 mannmánuðum í árlegri úthlutun en 279 mannmánuðum bætt við að hausti. Svipaða sögu er að segja af öðrum flokkum listamannalauna. Það skal tekið fram að þetta er ekki nefnt af því að ég sjái ofsjónum yfir þessum viðbótum, þvert í mót. En mismununin sviður.

Að lokum þetta: Sjálfstætt starfandi fagfólk á ýmsum sviðum er hratt vaxandi hópur á vinnumarkaði vestrænna samfélaga. Bandalag Háskólamanna hefur m.a. boðið þennan hóp sérstaklega velkominn í sínar raðir og gert kjör þessa hóps, réttindi og skildur að viðfangsefni sínu. Eins og BHM nefnir á heimasíðu sinni er vísað í þennan hóp sem *verktaka, einyrkja, giggara og harkara* – allt hugtök sem akademónar fyrr og síðar geta tengt sig við.

Rúmum aldarfjórðungi eftir að Reykjavíkur Akadémían var stofnum má segja að fyrirbæri sem líkjast henni séu á nýju suðupottar hugmynda og framkvæmda í Reykjavík. Ég læt duga að drepa á tveimur slíkum fyrirbærum hér.

Á undan sinni samtíð?!

hafnar.haus is a place for people that look for space to set sail on their journey as painters, developers, designers, musicians, writers, entrepreneurs and all the other things that make life interesting.



- **Gróska hugmyndahús** er suðupottur nýsköpunar á Íslandi. Í Grósku býr öflugt samfélag þar sem höfuðáhersla er á aðstæður til samskipta og tengsla, hvort sem það er innan hússins eða við fræðasamfélag háskólasvæðisins. Gróska skapar umhverfi þar sem hugmyndir verða að veruleika innan um auðugt mannlíf og menningu.



Annað er tengt Háskóla Íslands og svokölluðu Þekkingarþorpi hér í Vatnsmýrinni. Þar er um að ræða hús sem heitir því fallega nafni Gróska og er hér við hliðina á okkur.

Gróska hugmyndahús er suðupottur nýsköpunar á Íslandi. Í Grósku býr öflugt samfélag þar sem höfuðáhersla er á aðstæður til samskipta og tengsla, hvort sem það er innan hússins eða við fræðasamfélag háskólasvæðisins. Gróska skapar umhverfi þar sem hugmyndir verða að veruleika innan um auðugt mannlíf og menningu

Hitt dæmið er starfrækt í Kvosinni í miðborg Reykjavíkur, í nábýli við ýmsar menningarstofnanir sem reknar eru á vegum ríkis og borgar.

Hvort tveggja segir mér að sú starfsemi og hugmyndafræði sem Reykjavíkurakademían byggir á var framsækin og vísaði leiðina inn í okkar samtíma. Við og þið megið vera stolt af því framtaki og framlagi.

En það þýðir ekki að við eigum einungis að horfa til „gullaldar“ í nostalgískri glýju um eitthað sem fæddist, reis og hneig. Þvert á móti þá á Reykjavíkurakademían erindi sem aldrei fyrr. Hún á sér sögu sem er mikilvæg fyrir allt vísindasamfélag á Íslandi. Vísindasamfélag **utan** háskólanna, í háskólunum og kannski ekki síst **utaní** háskólinum.

Pallborð I – Hlutverk hug- og félagsvísinda



Fræðapring
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Hlutverk hug- og félagsvísinda, pallborð I

Umræðustjóri: Viðar Hreinsson sérfræðingur Náttúruvinnuáskóla Íslands, félagi í ReykjavíkúAkademíunni

dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst

dr. Gylfi Magnússon, deildarforseti Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands

dr. Þórhallur Magnússon, rannsóknaprófessor við Listaháskóla Íslands, félagi í ReykjavíkúAkademíunni

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, framkvæmdastjóri ReykjavíkúAkademíunnar

Það er einfalt að benda á allt það sem skilur að hug- og félagsvísindi: hversu ólíkar fræðigreinarnar eru, viðfangsefni þeirra og aðferðarfræði, á mismikinn skyldleika þeirra við önnur svið vísindanna og hversu ólík tengsl þeirra eru við vinnumarkaðinn. Það, sem þó sameinar allar fræðigreinar hug- og félagsvísinda er að viðfangsefni þeirra er maðurinn og samspil hans við samfélagið.

Þess vegna er þekkingin sem verður til við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda mikilvæg stoð íslensks þekkingarsamfélags; hún leggur grunn að sjálfsskilningi þjóðarinnar sem byggir á henni umræður um stöðu, gildismat og framtíð samfélagsins. Þá veita hug- og félagsvísindi einstaklingnum afbragðsgóða þjálfun í að greina, túlka og lýsa viðfangsefnum sínum. Þau auka færni hans til þess að bregðast við breytingum og nýjum áskorunum og örva gagnrýna hugsun, nýjar hugmyndir og lausnir.

Allt þetta vitum við vel, erum hreykin af og höldum á lofti. Og í heimi þar sem áherslan er vaxandi á hagnýtingu þekkingarinnar þá stöndum við vörð um mikilvægi frjálsra rannsókna. En þurfum við mögulega að benda samfélaginu á hversu vel menntun í hug- og félagsvísindum nýtist atvinnulífinu, hvort heldur er hjá opinberum stofnunum eða í einkafyrirtækjum? Því að hagrænt virði hug- og

félagsvísinda er gjarnan metið í mælingum á annarri atvinnustarfsemi en þeirri sem er tengd hug- og félagsvísindum.

Því gerist það endurtekið að samfélagið vanmetur hlutverk hug- og félagsvísinda. Til stuðnings þeirri fullyrðingu má nefna langvarandi undirfjármögnun náms í hug- og félagsvísindagreinum og alvarlega vanfjármögnun rannsókna sem beinast að íslensku samfélagi og auka þekkingu þess og byggja undir nýsköpun. Afleiðingarnar eru alvarlegar, bæði fyrir framgang hug- og félagsvísinda og fyrir vöxt og viðgang samfélagsins alls. Því er mikilvægt að við stöldrum við og veltum fyrir okkur hvernig við getum gert betur.

Og nú er lag: Skipulag vísinda og nýsköpunarmála tekur um þessar mundir töluverðum breytingum. Ný lög um Vísinda og nýsköpunarráð tóku gildi í vor og við erum því einmitt núna stödd í ákveðnu tómarúmi eða stefnuleysi milli þess sem var og þess sem verður. Tilgangur nýju laganna er að styrkja þekkingarsamfélagið og að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. *Vísinda og tækniráð* er aflagt og í þess stað hafa tekið til starfa nýtt *Vísinda og nýsköpunarráð* skipað fulltrúum háskóla og atvinnulífs; og *Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun* sem ber ábyrgð á að samræma stefnu stjórnvalda á sviði vísinda, tæknipróunar og nýsköpunar. Stefnu Ráðherranefndarinnar – sem enn er í vinnslu – á að birta bæði sem framtíðarsýn til tíu ára og í formi aðgerðaáætlunar til tveggja ára. Tenging þingsályktunartillögunnar sem nú liggur fyrir Alþingi um aðgerðaáætlun til 2ja ára til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi við ný lög um Vísinda og tækniráð virðist nokkuð skýr.

Einnig þar er áberandi fjarvera hug- og félagsvísinda áhyggjuefni og undirstrikar þörfina á því að við spyrjum okkur hvort og þá hvernig fræðafólk getur varpað skýrara ljósi á víðtækt framlag hug- og félagsvísinda til samfélagsins og atvinnulífsins?

Getum við, sem að jafnaði aðgreinum okkur frá hvert öðru með fræða- og starfstítlum, unnið gegn ósýnileikanum í heimi hagnýtingar og nýsköpunar með því að tala um okkur sem **fræðafólk**? Getum við og viljum við þróað hugtök og mælikvarða sem lyfta betur fram samfélagslegum áhrifum af starfi hug- og félagsvísindafólks? Nýtast betur hugtök eins og samfélagsleg nýsköpun til að fanga upp framlag hug- og félagsvísinda á samfélagslegum vandamálum? Er þörf á því að mæla hagræn áhrif af ósýnilegu framlagi fræðafólks? Á þeim nótum hefur ReykjavíkurAkademían leikið sér með

hugtakið **fræðagreinar** sem þá kallast á við hugtakið *skapandi greinar*; en það er notað til að ná utan um og mæla hagræn áhrif af listrænni sköpun og hefur skilað auknum skilningi á framlagi listamanna til hagkerfisins og þar með betra aðgengi að opinberu fjármagni.

Eða liggur lausnin einhvers staðar annars staðar?

Pallborð II - Fræðasamfélagið utan háskólana



Fræðaping
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Fræðasamfélagið utan háskólanna, pallborð II

Umræðustjóri: dr. Steinunn J Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

dr. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

dr. Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar

dr. Daníel Svavarsson, skrifstofustjóri Skrifstofu samhæfingar og stefnumála hjá Forsætisráðuneyti
Anton Örn Karlsson deildarstjóri á Hagstofu Íslands

dr. Sumarliði R. Ísleifsson, varaformaður Sögufélags, dósent við Háskóla Íslands, félagi í
ReykjavíkurAkademíunni

Fræðasamfélagið í heild samanstendur af fræðafólki sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda óháð stöðu á atvinnumarkaði. Innan þessa vistkerfis fræða er hlutverk háskólasamfélagsins skýrt, virknin vel skilgreind og mæld í fjölda nemenda og í rannsóknum og þróun.

Hlutverk fræðasamfélagsins utan háskólanna er óskýrara og umfang og virkni illa skilgreind og mæld. Þar starfar vel menntað og framtakssamt fræðafólk sem nýtir menntun, færni og hugmyndaauðgi til rannsókna og þekkingarmiðlunar. Flestir fræðimenn sem á annað borð velja að starfa að rannsóknum starfa sjálfstætt á einhverjum tímapunkti, sumir um tíma en aðrir alla starfsævina.

Fræðasamfélagið utan háskólanna er bæði skilvirkt og sveigjanlegt og gegnir margþættu hlutverki fyrir íslenskt þekkingarsamfélag: Það er athvarf fleiri hugmynda og fjölbreyttari þekkingar en á hverjum tíma rúmast innan háskólanna. Þar starfa nýdoktorar frá innlendum og erlendum háskólum sem eru að undirbúa sig fyrir áframhaldandi akademísk störf og einnig ýmsir sem hafa


formlega lokið störfum á atvinnumarkaði. Sérþekkingin skilar sér einnig til háskólanna í gegnum stundakennslu, við leiðsögn stúdenta og gegnum þátttöku í opinberum viðburðum. Fræðafólkið tekur einnig þátt í rannsóknahópum og starfar í tímabundnum rannsóknastöðum.

Þekkingarmiðlun til almennings er einnig ríkur þáttur í starfi fræðafólks sem starfar sjálfstætt enda beinast rannsóknir þeirra gjarnan að viðfangsefnum sem nýtast sem grunnur að hverskonar fræða- og listsköpun innan og utan hins opinbera menntakerfis og er grunnur nýsköpunar í öðrum geirum samfélagsins.

Þrátt fyrir ætlað mikilvægi þá gætir tilhneigingar til að horft sé fram hjá fræðasamfélaginu utan háskólanna þegar kemur að stefnumótun á sviði rannsókna og nýsköpunar. Það sést meðal annars á því að aðgengið að opinberum rannsóknasjóðum er orðið svo takmarkað að jaðrar við kerfisbundna útilokun. Ástæður þessar eru nokkrar en mögulega er sú mikilvægasta að vísinda og nýsköpunarumhverfið byggir á stofnunum og fyrirtækjum en fangar ekki upp einstaka

rannsakendur eða einyrkja á markaði. Þetta má glögglega sjá á mynd af Vistkerfi rannsókna og nýsköpunar sem er fengin úr síðustu stefnu Vísinda og tækniráðs.

Hér má skýrt sjá nauðsyn þess að fræðafólk sem á hverjum tíma starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun utan háskólanna gerist aðilar að stofnun eins og ReykjavíkurAkademíunni sem í aldarfjórðung hefur verið í forsvari fræðafólks, talað máli þess á opinberum vettvangi og vinnur að því að gera stéttina sýnilega með vel skilgreindum mælikvörðum.



Fræðasamfélagið hefur engu að tapa en allt að vinna.

Pallborð III - Fjármögnun áhugadrifinna fræðirannsókna



INNAN GARÐS OG UTAN

Fjármögnun áhugadrifinna rannsókna, pallborð III

Umræðustjóri: dr. Ingunn Ásdísardóttir, fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna

dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, sérfræðingur í háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu

dr. Freysteinn Sigmundsson, formaður Vísinda- og nýsköpunarráðs

Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður Rannís

dr. Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur í fjármálum

Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Að baki þeirri ákvörðun að samfélagið fjárfesti í rannsóknum og þróun liggur sú hugmynd að ein meginuppspretta verðmætasköpunar til framtíðar sé fólgin í öflugum þekkingarsamfélagi sem er knúið áfram af þekkingu, kunnáttu og hæfni óháð takmörkuðum náttúruauðlindum. Þannig skapar fjárfesting í rannsóknum vel launuð, fjölbreytileg og krefjandi störf.

Því hefur áherslan við úthlutun fjármagns til rannsókna í vaxandi mæli verið á hagnýtum rannsóknum. Að sama skapi hefur verkefnaval samkeppnissjóða almennt orðið einsleitara. Áhrif þeirra á hvað er rannsakað og af hverjum eru mikil. Þar skiptir fyrri reynsla verkefnisstjóra hvað mestu máli; rannsóknir doktorsnema og nýdoktora eru fjármagnaðar í gegnum þá, en aðrir rannsakendur hafa í fá hús að venda. Styrkir úr samkeppnissjóðum hafa áhrif á framgang og brottfall ungs vísindafólks úr akademíunni.

Rannsóknasjóður hefur þróast í nákvæmlega þessa átt. Við fyrstu úthlutun úr sjóðnum árið 2004 var styrkjum fyrst og fremst veitt til sívaxandi hóps vísindamanna á sviði hug- og félagsvísinda sem starfaði að rannsóknum utan háskólanna. Nokkrum árum síðar var hins vegar svo komið að það var undantekning ef sjálfstætt starfandi fræðimaður fékk verkefnastykk frá fagsviðum félagsvísinda og hugvísinda. Við þessari þróun var að hluta til brugðist árið 2012 þegar Starfslaunasjóður sjálfstætt

starfandi fræðimanna var settur á fót. Staða sjóðsins er þó stjórnskipulega veik. Um hann gilda engin lög og hann er ekki, eins og flestir aðrir rannsóknasjóðir, undir stjórn Vísinda og nýsköpunarráðs. Þá er sjóðurinn lítill og styrkir lágir. Starfslaunasjóðurinn hefur frá árinu 2015-stækkað um 14 milljónir og farið úr 35 í 49 milljónir. Á sama tíma hefur sá hluti Rannsóknasjóðs sem fer til nýrra verkefna stækkað um 476 milljónir og stendur í 1,2 milljarði.

Sú mynd sem hér er teiknuð upp sýnir afar takmarkað aðgengi fræðafólks sem starfar utan háskólanna að opinberu fjármagni til rannsókna. Sama gildir auðvitað um margt fræðafólk sem sinnir rannsóknum sem ekki falla að þröngum skilyrðum Rannsóknasjóðs en eru engu að síður mikilvægar fyrir samfélagið og nauðsynlegur grunnur upplýstrar og gagnrýninnar umræðu. Því er ákall eftir bættu aðgengi að fjármagni til þess að sinna áhugadrifnum rannsóknum. Í umræðum á Norðurlöndum um þessa þróun hefur því meðal annars verið velt upp hver verði langtímaáhrifin af slíkri ofuráherslu á fjármögnun hagnýtra rannsókna á kostnað áhugadrifinna? Hvað verður um frumleika og nýja hugsun ef við rannsökum eingöngu það sem „við vitum“ að við „vitum ekki“, en ekki það sem við „vitum ekki“ að við „vitum ekki“?

Því er mikilvægt fyrir viðgang samfélagsins að komið verði á fót rannsóknasjóði sem byggir á faglegum og gagnsæjum ferlum og veitir styrkjum til áhugadrifinna rannsókna. Í gegnum slíkar rannsóknir nýtist samfélaginu sú auðlegð þekkingar og færni sem fjárfest hefur verið í og býr í vel menntuðum sérfræðingum og fræðimönnum sem starfa innan og utan háskólanna. Þær skipta einnig sköpum fyrir ungt fræðafólk sem er að koma undir stig fótunum, bæði á atvinnumarkaði og innan háskólasamfélagsins.

Að sama skapi má bæta verulega aðgengi fræðafólks að fjármagni til samfélagslegrar nýsköpunar. Í nýsköpun felst að nýjum hugmyndum eða rannsóknarniðurstöðum er breytt í verðmæti, til dæmis með betri þjónustu eða nýrri vöru. Niðurstöður rannsókna á sviði hug og félagsvísinda eiga gjarnan erindi við samfélagið og eru líklegar til þess að eiga framhaldslíf í áframhaldandi miðlun, til dæmis á öldum ljósvakans, í tölvuleikjum og kvikmyndum eða í formi leiðsagna um borg og bý.

Pallborð IV - Unga fólkið – framtíð fræðanna



Fræðaping
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Unga fólkið – framtíð fræðanna, pallborð IV

Umræðustjóri: dr. Ásta Kristín Benediktsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og félagi í ReykjavíkurAkademíunni

dr. Ragnhildur Helgadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík

dr. Árni Gunnar Ásgeirsson deildarforseti Sálfræðideildar Háskólans á Akureyri

dr. Ólafur Rastrick deildarforseti Félagsfræði- mannfræði-, og þjóðfræðideildar Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

Atli Antonsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands og fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna

Piergiorgio Consagra, fulltrúi FEDON, Félags Doktorsnema og Nýdoktora við Háskóla Íslands

Þórdís Dröfn Andrésdóttir, forseti SÍNE, Samtaka íslenskra námsmanna erlendis

Úthlutunarstefna Rannsóknasjóðs, takmörkuð vitneskja um rannsóknir og þekkingarmiðlun fræðafólks utan háskólanna og skilningsleysi á framlagi og færni fræðafólks til samfélagsins eru allt þættir sem hafa mikil áhrif á ungt fræðafólk og möguleika þess til þess að nýta menntun sína og hugmyndaauðgi til að stunda sjálfstæðar rannsóknir og þekkingarmiðlun.

Til að hasla sér völl sem fræðimenn þurfa nýdóttorar helst að tengjast rannsóknahópi, leið sem krefst bæði virks tengslanets og þess að viðfangsefni og aðferðafræðileg nálgun falli að rannsóknáherslum háskólakennarans sem stýrir verkefninu. Þeir rannsakendur sem ekki uppfylla þau skilyrði eiga litla von um að hljóta styrki úr opinberum sjóðum og þá skiptir litlu hversu frumlegt viðfangsefnið er eða hver sé hæfni rannsakandans til að stunda sín fræði. Slíkir nýliðar öðlast því ekki sömu færni og reynslu og þeir sem fá tímabundna ráðningu við rannsóknaverkefni og því fjarar fljótlega undan þeim. Sú auðlegð þekkingar og færni sem samfélagið býr yfir í þessum hópi fræðafólks nýtist því illa.

Ungt og upprennandi fræðafólk hverfur á braut, annað hvort alfarið úr stéttinni til þess að brauðfæða sig og sína eða á allt annan hátt en með rannsóknum. Þessi staða kom fyrst upp árið 2009 og árið síðar 2010 vakti Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur opinberlega athygli á þeim kerfislæga vanda sem þá virtist upp kominn. Í tveimur greinum í Tímaritinu Sögu dró hann fram þrjú mikilvæg atriði sem hann kallaði eftir — í nafni sjálfstætt starfandi vísindamanna — að yrðu rædd og brugðist við „... af aðilum sem hafa það hlutverk að marka brautina á rannsókna- og háskólastiginu.“ Þessi atriði voru:

- A. Aðstöðumunurinn sem er á milli fræðimanna sem starfa utan og innan háskólanna þegar kemur að því að sækja um styrki í samkeppnissjóði.
- B. Óljós skil sem eru á milli rannsóknastyrkja og doktorsnámsstyrkja Rannsóknasjóðs.
- C. Hvernig á fólk með doktorspróf af hug- og félagsvísindasviði að sjá sér farborða þegar samkeppnissjóðir eru eyrnamerkir kollegum í föstum stöðum við háskólana?

Því miður reyndist Sigurður Gylfi sannspár og ennþá er aðkallandi að ræða vandamálin. Sífellt fjölgar í hópi nýdaktora og því spyrjum við sömu spurninga og Sigurður Gylfi fyrir 12 árum: Hvað á „að gera við fólk sem lokið hefur doktorsprófi? Hvernig ætlar samfélagið að nýta þá miklu fjárfestingu sem þar hefur verið stofnað til og tryggja um leið að sjónarhorn þeirra sem stunda sín fræði og vísindi utan hefðbundinna stofnana fái notið sín? Hvers virði er öflugt, fjölbreytt og margbreytilegt rannsóknastarf almennt?“ Því fræðafólk sem starfar sjálfstætt er svo sannarlega hvorki aukvisar né afgangsstærð innan fræðasamfélagsins og rýr uppskera þess og rannsóknahópa á þess vegum hvað stóra styrki varðar skýrist ekki af fækkun umsókna eða vanhæfni rannsókendanna sem hafa staðist ítrustu kröfur og samkeppni innanlands og í alþjóðlegu háskólaumhverfi og búa yfir mikilvægri þekkingu, góðri menntun og færni til rannsókna. Þess í stað er um að ræða kerfislæga mismunun fræðafólks sem einungis er byggð á starfsvettvangi þess.

Horft fram á veginn, lokaorð



Fræðaping
2023

INNAN GARÐS OG UTAN

Horft fram á veginn, lokaorð

dr. Sólveig Ásta Sigurðardóttir

fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna og nýdoktor við Háskóla Íslands

Sólveig Ásta Sigurðardóttir nýdoktor við HÍ og fræðimaður við RA:

Komiði sæl, ég heiti Sólveig Ásta og vil þakka fyrir tækifærið að vera hér með ykkur í dag og þakka öllum framsögumönnum fyrir skýr og sköruleg ávörp. Nú erum við komin að endingu þessa þáttar Fræðapings 2023 og komið að vinnu uppbyggingar sterkari fræðagreina og fræðasamfélags. Mér hefur verið falið það hlutverk að draga saman þær hugmyndir sem hafa komið fram hér í dag og þannig henda okkur beint yfir í næsta þátt, sem er samtarið fram undan.

Pallborð #2 Í umræðu um aðgengi sjálfstæðra rannsakenda og niðurstöður úr stefnu Vísinda og tækniráðs þá benti rektor Jón Atli Benediktsson, á augljóst mikilvægi hug- og félagsvísinda, sem væri kjarninn í starfi háskólans- og áhuga rektors á að styðja við fræðasókn reykjavíkurakademíunnar.

Eins dró Dr Sumarliði Ísleifsson fram tengsl fræðasamfélaga og samfélaga út um allt land – og nauðsyn þess að taka inn fleiri stofnanir, eins og t.d. bókasöfn inn í verkefnin Og hvernig verkefni, stofnanir og klasar verða til í þverfræðilegu umhverfi eins og akademíunni

Þá ræddi Dr Guðrún Nordal um skyldu stofnana sem reknar væru á opinberu fé að styðja við vaxtasprota fyrir utan háskólann – og nauðsyn þess að búa til gögn sem sýna árangur og ávinning fræðasviðanna

Dr Daníel Svavarsson, minnti á áherslubreytingu stjórnvalda á velsældarmælikvarða eins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til þess að bregðast við áskorunum samtímans – og að þessir mælikvarðar gætu nýst okkar fræðasviðum, sannarlega.

Anton Örn Karlsson frá Hagstofunni sagði engar tölur vera til um sjálfstætt starfandi fræðafólk ennþá en engin ástæða væri til að þessi „hrikalega spennandi flokkur“ öðlaðist ekki sýnileika í gegnum hagtölur.

Pallborð #4

Í samtali unga fólksins benti Þórdís Dröfn Andrésdóttir, á nauðsyn þess að styðja við ungt fræðafólk til þess að þau geti mótað sína eigin vegferð. Þá benti hún nauðsyn þess að styðja við hugrekki ungs hug- og félagsvísindafólks til þess að „klukka“ bæði innan garðs og utan, í atvinnulífi og víðar. Hver veit hvert hlutverk hug- og félagsvísinda verður eftir 20 ár og þar eru mentorar mikilvægir

Piergiorgio Consagra ræddi krefjandi vinnuaðstöðu doktorsnema við háskóla Íslands. Fólk í doktorsnámi, þá sérstaklega á hugvísindasviði væri sannarlega innan garðs og utan.

Atli Antonsson brýndi að nauðsynlegt væri að huga að tækifærum fyrir nýútskrifaða doktora að geta haldið áfram rannsóknarstarfi eftir að námi líkur.

Dr Árni Gunnar Ásgeirsson, velti fram hvort nauðsynlegt væri að undirbúa doktorsnema á Íslandi mun betur og veita þeim betri og lengri rannsóknarreynslu til þess að þau geti staðist alþjóðlegar samkeppniskröfur. Eins væri mikilvægt að auka skilning fólks innan garðs á stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna, t.d. tímaskipulag verkefna og ábyrgð leiðbeinenda gagnvart doktorsnemunum.

Dr Ólafur Rastrick, fagnaði viljayfirlýsingu háskólanna um samstarf við reykjavíkur og akureyrarakademiúna. Hann ræddi mikilvægi tengslaneta fyrir unga fræðimenn við fræðasamfélagið og nauðsyn þess að þjálfa doktorsnema og aðra í samstarfi í bæði þverfræðilegu og alþjóðlegu starfi. Þá mætti ekki gleyma að menntun væri í eðli sínu gæði.

„Vísindi skipta máli sjálfu síns vegna,“ sagði Dr Ragnhildur Helgadóttir. Enginn getur vitað með vissu hvað er framundan. En við eigum að hafa umburðarlyndi fyrir því að fólk mennti sig í því sem það hefur áhuga á og sinni því. En hvernig er hægt að auka tengsl fræðafólks á ólíkum sviðum eða „lækka þröskuldinn fyrir því að húa í rannsakendur á ólíkum sviðum“?

Pallborð #3

Hvað áhrifadrifnar og hagnýtar rannsóknir varðar þá dró Dr Ásgeir Brynjar Torfason fram íroníu í orðalagi mælikvarðanna, „áhugadrifið“, „sjálfstætt“. Hann benti á nauðsyn þess að horfast í augu við að háskólarnir eru í efnahagskrísu líkt og alþjóðaríkissjóðir. Tækifæri væri núna til hugarfarsbreytinga bæði frá jaðri og í átt að þverfræðileika en verkefnið væri ekki einfalt þar sem gagnrýnin hugsun, umræða og rannsóknir eiga undir högg að sækja.

Dr Freysteinn Sigmundsson, sagði nóg vera inni í lýsingu á árangri á okkar sviðum. Alþjóðleg áhrif eru að aukast í ráðum vísinda- og nýsköpunarráðs sem vonandi leiðir til réttlátari úthlutunar. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort möguleiki væri að fjármagn til rannsókna kæmi meira frá fyrirtækjum en nú er? Á sama hátt spurði Hrönn Greipadóttir hvort litið hefði verið til vel stæðra einstaklinga sem mögulega styrkveitenda rannsakenda

Þá hvatti Dr Guðbjörg Andrea Jónsdóttir okkur á tímum aðhalds til að nýta betur það sem við höfum nú þegar í sjóðakerfinu og brýndi sjálfstæða fræðimenn að halda verkum sínum á lofti, sérlega inn í opinberum skráningarkerfum. Þá mætti horfa með bjartsýni til þess að í áherslum á opin vísindi væri lagt að uppbyggingu rannsóknarinnviði með áherslu á hug- og félagsvísinda og listir.

Ágúst Hjörtur Ingbórsson, sagði sjálfstætt starfandi fræðimenn þurfa að hafa hærra en þó vara sig á takmörkuðum mælikvörðum. Hlutur hug- og félagsvísinda í rannsóknarsjóði að meðaltali 2016 um

30% af fjármagni sjóðsins. Það er veruleg sókn í nám hug- og félagsvísindi en verkefni okkar er að fanga betur þann kraft og þau áhrif sem sjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna hefur skilað.

Pallborð #1

Þá komum við að umræðu um hvernig við höldum á lofti mikilvægi og hlutverki hug- og félagsvísinda.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir brýndi okkur að nýta það tækifæri sem nú er til að grípa aukna áherslu á orðalag eins og samfélagsleg nýsköpun – og nýta kraftinn í samstarfi fræðagreina og þekkingu á leiðum til að bregðast við kröfum um mælanleg áhrif fræða.

Dr Margrét Jónsdóttir Njarðvík benti á þverstæðuna milli fjölbreyttra áhrifa hug- og félagsvísinda í samfélaginu og þörf á ríkari trú á þeim áhrifum, á sama tíma og fræðimenn þurfa að fóta sig í heimi sífelldra mælinga.

Þá lagði Dr Gylfi Manússon, að mælikvarði fyrir hug- og félagsvísindi yrði ekki samtalið við fræðasamfélagið heldur samfélagið sjálft og samfélagsleg áhrif. Hug- og félagsvísindagreinar þurfa að vera til staðar í heilbrigðu samfélagi til þess að aðrar greinar geta notið sín. Þannig eru samfélagslegar lausnir sannarlega nýsköpun og ef til vill þurfum við að leyfa okkur að vera ákveðið óskammfeilin í markaðssetningu sinni.

Þannig undirstrikaði Dr Þórhallur Magnússon, að hug- og félagsvísindi þurfa að halda áfram að skilgreina sig sem vísindafólk og beita sér á þann hátt með krafti, þá sérstaklega sérþekkingu sína á sköpun, vitund og greind.

Því að líkt og Dr Davíð Ólafsson benti á þá er óhætt að fullyrða fullum fetum að sjálfstætt starfandi fræðimenn hafi verið stór þáttur í rannsóknum hug- og félagsvísinda á Íslandi. Þekkingarsamfélagið hagnaðist gríðarlega á sjálfstætt starfandi fræðafólki. Háskólarnir fengu fyrir vikið í sínar raðir reyndara og þjálfaðara háskólafólk á sviðum fræða og reksturs fræðaverkefna.

Akademían á sér sögu sem er mikilvæg fyrir allt háskóla og fræða-samfélag á Íslandi – og má leyfa sér áframhaldandi stórlæti til að fylgja eftir verkefnum utan, innan og utaní garðinum.

Og nú bíða veitingar og ekki mega þær bíða. Þannig að hér höfum við fjöldan allan af þráðum, spurningum og tillögum sem hægt er að ræða í dag og áfram.

Ég veit ég mæli fyrir hönd allra hér þegar ég segi hjartans þakkir til allra skipuleggjenda, takk Anna Þorbjörg, Lilja, Ólöf, Ásthildur, Bára, Katrín, Ingunn og öll hjá ReykjavíkurAkademíunni fyrir að kalla okkur sem störfum innan þessara fræðagreina saman og gefa okkur tækifæri til að ræða áskoranir samtímans og lyfta glösum fyrir miklum *árangri* á sviði hug-og félagsvísinda.

Takk

Skýrsla verkefnisstjóra

Ólöf Anna Jóhannsdóttir þjóðfræðingur og fræðakona við ReykjavíkurAkademíuna

Fræðaping 2023 – innan garðs og utan er fyrsta Fræðaping Reykjavíkurakademíunnar stefnt er að því að halda fræðaping í einhverju formi árlega héðan í frá. Yfirskrift ársins var Innan garðs og utan.

Mikil vinna hefur farið fram innan stofnunnarinnar í framtíðarsýn og stefnumótun RA og er Fræðapingið eitt af þeim skrefum til að ná settum markmiðum. Snemma árs 2023 hófst vinna við að skipuleggja Fræðapingið 2023. Það var svo í byrjun júlí sem Ólöf Anna Jóhannsdóttir var ráðin verkefnastjóri.

Húsnæði

Verkefnastjóri hafði samband við Íslenska erfðagreiningu til að athuga hvort þau væru viljug til að lána sal fyrir fræðaping. Afgreiðsla benti á Ylfu Geirsdóttur aðstoðarkonu Kára Stefánssonar sem mundi bera málið undir hann. Eftir að send var ítarleg skýring á tilefni og dagskrá málþings ásamt ósk um að afnotin yrðu gjaldfrjáls var það samþykkt. Fræðaping fékk Fróða fyrirlestrasal ÍE til afnota ásamt þeim tæknibúnaði og húsgögnum sem honum fylgja. Kaffi, kaffikönnur og dúka á borðin undir kaffið og veitingarnar. Einnig fékk þingíð afnot að Tjarnarsalnum þar sem hægt var að bjóða upp á veitingar að þingi loknu. Þessi góðsemi ÍE setti stóran svip á umgjörð Fræðapingsins og átti ríkan þátt í því hversu glæsilegt að útliti þingið varð.

Merki og rafrænt útlit

Tilboða var leitað hjá Blekhönnun um hönnun merkis og rafræns útlits þingsins. Dagný Reykjalin hjá Blekhönnun hannaði merki Reykjavíkur Akademíunnar ásamt því að hafa unnið fleiri verk fyrir stofnunina og meðlimi hennar við góðan orðstír. Það þótti því ekki ástæða til að leita annað eftir tilboðum í verkið.

Ég ræddi við Dagnýju um Fræðapingið, tilgang og framtíðarsýn. Við vorum sammála að merkið átti að vera sjálfstætt vörumerki en með vísan í ReykjavíkurAkademíuna. Ég bað um að merkið væri létt og gæti lifað lengi. Eins vildi ég að merkið væri þannig að þegar fólk sæi merkið gæti það tengt við fræðaping og RA. Merkið sem var valið hefur beina skírskotun í merki RA en stendur þó eitt og sér. Það er rauður kuðungur á ferningi. Merkið er hannað þannig að hægt er að nota það aftur en breyta bakgrunnslitnum ef vill. Þannig fær hvert fræðaping sinn einkennislit en heldur einkennum sínum.

Dagný sá líka um að gera glærur og annað markaðsefni. Glærurnar halda vísun sinni í kuðunginn og er bakgrunnurinn stækkuð nærmynd af kuðungi.

Myndvinnsla

Leitað var til Árna Gylfasonar fyrir myndbandavinnslu og upptöku á Fræðapingi. Árni hefur áður unnið fyrir RA við góðan orðstír og þótti ekki ástæða til að leita annað eftir tilboðum. Árni var ekki laus en benti á kollega sinn Naz Davidoff kvikmyndagerðarmann sem tók að sér að taka upp Fræðapingið og klippa upptökuna. Rafn Rafnsson sá um hljóð og lýsingu í Fróða til þess notaði hann þann búnað sem fylgdi salnum. Árni Gylfasson vann myndböndin sem sýnd voru fyrir hvert pallborð.

Þegar hugmyndavinna fyrir myndböndin fór af stað voru textarnir ekki tilbúnir. Þannig voru fyrstu hugmyndirnar ekki hentugar fyrir lokaútgáfu textanna. Hugmyndin á tökudegi var að fá Þorleif Hauksson til að lesa textann og myndskreyta með mannlífsm myndum og glærum. Að lokum kom sú hugmynd að taka út allt og láta Þorleif Hauksson vera í mynd allan tíman. Það heppnaðist mjög vel og setti mjúkan tón á umhverfið.

Árni og Naz unnu að mestu með búnað ReykjavíkurAkademíunnar. Þeir þurftu að leigja einhvern búnað og lánuðu eitthvað af sínum tækjum endurgjaldslaust.

Undirbúningsfundir

Hugarflugsfundur var haldinn 18. ágúst í Þórunnartúni. Boðaðir voru fyrirlesarar, umræðustjórar og fundarstjóri auk fulltrúa sem samstarfsaðilarnir tilnefndu í ráðgjafahópinn. Fundurinn var haldinn

kl:16:05 á föstudegi. Boðið var upp á veitingar og drykki. Linda aðstoðaði mig við að gera umgjörðina fyrir mat og drykki í takt við léttu stemminguna sem ég vildi setja á fundinn. Á fundinum var farið yfir fyrirkomulag fræðapingsins, fyrirhugaða dagskrá og málefni málþingsins. Létt stemming var á fundinum og mikið lagt upp úr samtali. Fundurinn heppnaðist einstaklega vel og var gott pepp inn í lokasprettinn fyrir aðstandendur þingsins. Eftir fundin var sendur póstur á hópinn með þeim upplýsingum sem var beðið um á fundinum, td. glærupakkan sem var notaður á fundinum. Tímasetningin, rúmunum mánuði fyrir þingið var mátulegur.

Fundur lykilsfólks Fræðapings 2023 var haldinn 18. september kl 16:30 í Þórunnartúni 2. Fundarstjóri, fyrirlesarar og pallborðsstjórar voru boðuð á fundinn og var full mæting fyrir utan Ingunni, einn pallborðsstjóra sem var búin að láta fyrirfram að hún kæmist ekki. Hún var upplýst um gang mála og koma á framfæri athugasemdum um leið og hún kom aftur í hús. Á fundinum var farið yfir dagskrá þingsins, fyrirkomulag og tímasetningar. Strengir voru stilltir þannig að allt lykilsfólk væri í takt í gegnum Fræðaping 2023. Einnig fékk lykilsfólk tækifæri til að koma athugasemdum og óskum á framfæri t.d varðandi aðgengi. Mér fannst mikilvægt að öllum þáttakendum liði vel og upplýstum. Ég lagði mig fram um að hlusta á það sem þau höfðu að segja og óskir um aðbúnað og upplýsingar sem þau vantaði.

Veitingar

Veitingar voru pantaðar frá NOMY. Upphaflega voru veitingar pantaðar hóflega (30 manns) og planað að fylla upp í veitngaborð með sætum veitingum úr kjörbúð. Í upphafi vikunar sem þingið var haldið fannst mér ég finna það mikin áhuga og meðbyr á Fræðapinginu að ég hafði áhyggjur af magni veitinga. Ég fékk leyfi hjá Önnu til að stækka pöntunina í 50 manns og sleppa að mestu öðrum veitingum. Það var rétt áætlað þar sem maturinn kláraðist næstum allur og fólk var ekki að flýta sér úr húsi eftir þingið. Ég tel að veitinga- og vínborðið hafi fengið fólk til að stoppa lengur og stuðlað að góðum aðstæðum til samræðna. Maturinn þótti vel heppnaður en passa þarf að bjóða upp á vegan veitingar í framtíðinni. Vín var keypt í Vínbúðinni eftir ráðleggingum þar.

Þjónar voru 3, Björk Sigurjónsdóttir, Erna Rós Sigurjónsdóttir og Elva Björk Benediktsdóttir. Haft var samband við Björk sem sá um að bóka 2 með sér. Björk mætti til að sjá um kaffið en hinar tvær bættust í hópinn fyrir veitingarnar eftir málþingið. Þær stóðu sig með þryði.

Fróði

Í Fróða fyrirlestrarsal ÍE voru fyrstu 2 raðirnar merktar fyrirlesurum og pallborðum. Vatnsflöskum var dreift við sæti þeirra. Það heppnaðist vel þar sem engar flöskur sáust á sviðinu og það sparaði mikla vinnu. Mig langaði að merkja salin ReykjavíkurAkademíunni. Til stóð að panta rúllubanner með merki RA í framtíðinni. Ég fékk Önnu framkvæmdarstjóra til að flýta því svo hægt væri að nota hann á fræðapínginu. Bannerinn setti ég svo fyrir aftan ræðupúltið þannig að hann væri í mynd þegar púltið var í notkun. Hann sést líka vel í pallborðinu. Þetta var góð leið til að merkja okkur sviðið.

Tímaáætlun á þínginu stóðst innan eðlilegra marka.

Hljóð og lýsing gekk vel. Pallborðsstjórar voru með flugu hljóðnema sem var festur á áður en þau stigu á svið. 2 lausir hljóðnemar voru á sviðinu og gengu á milli viðmælenda. Ný batterí voru sett í öll tæki áður en Fræðapíngið hófst. Einungis voru 20 mín eftir af batteríinu þegar því lauk.

Allur salurinn var lýstur meðan pallborðsumræða átti sér stað og myndbönd spiluð. Það var gert til að pallborðsgestum liði betur og til að mynda tengsl við salinn. Við ræður einstaklinga var lýsing einungis á þeim.

Rennsli viðmælenda inn og út af sviðinu gekk vel. Því má þakka vel undirbúnum pallborðsstjórum sem tóku vel utan um sína viðmælendur og stýrðu þeim inn og út af sviðinu.

Í heild heppnaðist **Fræðapíng 2023 – innan garðs og utan** vel.



AKADEMIA.IS